



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 29/2014

**Útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar
hjá Múla, Hraðpeningum og 1909**

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Neytendalána ehf., rekstraraðila smálánafyrirtækjanna Múla, Hraðpeninga og 1909, dags. 27. febrúar 2014, óskað stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins á því að flýtigjald væri ekki reiknað út sem hluti af árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Í bréfinu segir að samkvæmt heimasíðum Hraðpeninga, 1909 og Múla bjóðist neytendum sem vilji nýta sér þjónustu fyrirtækjanna að sækja um smálán með hefðbundnum hætti eða með flýtiþjónustu. Kostnaður við 20.000 kr. lán til 30 daga sé hjá öllum fyrirtækjum 570 kr. auk 163 kr. seðilgjalds. Velji neytandinn að nýta sér flýtiþjónustu greiði hann því til viðbótar 4.990 kr. fyrir lánshæfismat hjá fyrirtækinu Credit Check.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, megi árleg hlutfallstala kostnaðar ekki nema meiru en 50% að viðbættum stýrivöxtum. Í 21. gr. laganna, sem og í reglugerð nr. 965/2013, um útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sé fjallað um útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Ákvæði 1. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánssamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal lýst sem árlegu hlutfalli af heildarfjárhæð sem neytandi greiðir. Skal hún reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkan sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð er ráðherra setur.“

Í 4. mgr. 21. gr. segi að við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skuli ákvarða heildarlántökukostnað neytenda, sem skv. orðskýringu g. liðar 1. mgr. 5. gr. sé:



„Allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, er einnig tekinn með í útreikninginn ef skylda er að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fáið eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum.“

Þá var í bréfinu, eins og áður segir, óskað eftir skýringum eða athugasemdum Neytendalána.

2.

Neytendastofu barst svar Neytendalána með bréfi, dags. 17. mars 2014. Í bréfinu segir að félagið bjóði neytendum lán að fjárhæð 20.000 kr. í 30 daga. Almennur afgreiðslutími slíkra lána sé átta dagar. Lánið beri enga vexti en kostnaður við lántökuna nemi 570 kr. og seðilgjald nemi 163 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar nemi því samtals 55% að stýrivöxtum meðtöldum, sem heimilt sé skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013.

Credit Check sé sænskt félag sem sérhæfi sig í að lánshæfismeta einstaklinga. Félagið sé staðsett í Gautaborg í Svíþjóð. Credit Check sé félag ótengt Neytendalánunum. Einstaklingar geti keypt lánshæfismat gegn gjaldi sem greiðist beint til Credit Check. Um starfsemi Credit Check á Íslandi megi finna nánari upplýsingar á síðunni www.credit-check.is.

Samkvæmt 4. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013 beri, við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, að ákvarða heildarlántökukostnað neytenda. Samkvæmt upplýsingum g. liðar 1. mgr. 5. gr. laganna sé heildarlántökukostnaður allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þurfi að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda sé kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, séu einnig tekin með í útreikninginn ef skylda sé að gera viðbótarsamning til að lánið fáið eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum.

Neytandi hafi val um það hvort hann kaupi þjónustu Credit Check eða ekki. Ef neytandi kaupi þjónustu Credit Check greiði hann fyrir þjónustuna beint til Credit Check og geti slík þjónusta ekki talist til lántökukostnaðar. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 33/2013 beri lánveitanda að lánshæfismeta neytanda áður en lánið sé veitt. Það sé ávallt gert, á kostnað lánveitanda, ef afgreiðslutími lánsins séu átta dagar.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. apríl 2014, óskaði stofnunin eftir frekari skýringum Neytendalána. Í bréfinu kemur fram að í g. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, sem og umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu, sé til þess vísað að viðbótarþjónusta geti einkum verið váttryggingar. Í inngangsorðum tilskipunar 2008/48, um lánsamninga fyrir neytendur, sé í 22. lið fjallað um viðbótarþjónustu og í því sambandi vísað til trygginga sem og opunar



bankareikninga í tengslum við lánssamning. Af þessu telji Neytendastofa annars vegar að til þess að um viðbótarþjónustu sé að ræða þurfi að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna og hins vegar telji stofnunin að ekki sé áskilið að kostnaður sem greiða þurfi vegna lánsins sé innheimtur af lánveitandanum sjálfum til þess að hann teljist til hluta af heildarlántökukostnaði. Af bréfi Neytendalána og upplýsingum á heimasíðu félagsins fái Neytendastofa ekki séð að flýtiþjónustan feli í sér að neytandanum sé veitt önnur þjónusta til viðbótar við lánið heldur sé lánið afgreitt með öðrum hætti, þ.e. fyrir. Neytendastofa telji flýtiþjónustuna því ekki til þess fallna að vera viðbótarþjónustu. Sú staðreynd að kostnaður við flýtiþjónustuna sé greiddur öðrum aðila hafi að sama skapi ekki áhrif á tengsl hans við lánið enda sé lánveitendum skylt að meta lánshæfi neytenda, sbr. 10. gr. laganna.

4.

Svar Neytendalána barst með bréfi, dags. 7. maí 2014. Þar segir að Neytendalán mótmæli því að Neytendastofa telji að um sé að ræða annars vegar flýtiþjónustu og hin vegar að um sé að ræða flýtiþjónustu Neytendalána.

Svo virðist sem Neytendastofa sé að rugla saman starfsemi Neytendalána og starfsemi annarra fyrirtækja sem bjóði smálán á Íslandi en þau fyrirtæki bjóði upp á flýtiþjónustu. Ekkert komi fram á heimasíðu Hraðpeninga, Múla eða 1909 um flýtiþjónustu. Neytendalán bjóði ekki upp á slíka flýtiþjónustu. Í svarbréfi félagsins hafi komið fram að félagið veiti lán að fjárhæð 20.000 kr. í 30 daga og sé afgreiðslutími þeirra átta dagar. Lánin beri enga vexti en kostnaður við lántöku nemi 570 kr. og seðilgjald 163 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar nemi því samtals 55% að stýrivöxtum meðtöldum, svo sem heimilt sé skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013.

Einstaklingar geti keypt lánshæfismat gegn gjaldi af sænska einkahlutafélaginu Credit Check sem sérhæfi sig í að lánshæfismeta einstaklinga. Neytandi hafi val um það hvort hann kaupi þjónustu Credit Check eða ekki. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 33/2013 beri lánveitanda að lánshæfismeta neytanda áður en lán sé veitt. Neytendalán geti ekki veitt þjónustu sambærilega þeirri sem Credit Check veiti neytendum. Neytendalán þurfi a.m.k. átta daga til að klára lánshæfismatið sem sé lagaskylda fyrir veitingu lánsins, skv. 10. gr. þeirra.

Í bréfinu er ítrekuð tilvísun til g. liðar 1. mgr. 5. gr. laganna og lögð sérstök áhersla á lokamálslið ákvæðisins þar sem segir að við útreikning heildarlántökukostnaðar skuli einnig taka tillit til viðbótarþjónustu ef skylda sé að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fáiast eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum. Að mati Neytendalána geti kostnaður vegna lánshæfismats ekki talist til heildarlántökukostnaðar þegar neytendur hafi val um að kaupa slíka þjónustu frá fyrirtæki sem sé með öllu ótengt Neytendalánum. Neytendur séu ekki skyldaðir til að kaupa þjónustuna.



II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita hvort Neytendalán ehf. hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 33/2013, um neytendalán, með því að undanskilja flýtigjald við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Af hálfu Neytendalána hefur verið á það bent að neytendur geti valið um að kaupa sér þjónustu Credit Check og þannig fengið lánshæfismat og í kjölfarið afgreiðslu láns hjá Neytendalánum á einni klukkustund. Þar sem um valkvæða þjónustu sé að ræða teljist kostnaður henni tengdri ekki hluti af heildarlántökukostnaði og þar með ekki árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Í málinu koma til álita ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr., 21. gr. og 26. gr. laga nr. 33/2013.

Í 5. gr. eru orðskýringar laga nr. 33/2013 og er þar í g. lið að finna svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu heildarlántökukostnaður:

„Allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð, að frátöldum þinglýsingarkostnaði. Kostnaður vegna viðbótarþjónustu í tengslum við lánsamning, einkum váttryggingariðgjöld, er einnig tekinn með í útreikninginn ef skylda er að gera viðbótarþjónustusamning til að lánið fáist eða til að fá það með auglýstum skilmálum og kjörum.“

Fjallað er um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar í 21. gr. laganna. Í gögnum málsins hefur verið vísað sérstaklega til ákvæða 1. og 4. mgr. 21. gr. sem eru svohljóðandi:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar er það vaxtaígildi sem jafnar núvirði af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánsamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal lýst sem árlegu hlutfalli af heildarfjárhæð sem neytandi greiðir. Skal hún reiknuð út í samræmi við stærðfræðilíkan sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð sem ráðherra setur.

[...]

Við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skal ákvarða heildarlántökukostnað neytanda. Ekki skulu meðtalin í útreikningi möguleg viðurlög eða sektargreiðslur vegna vanefnda. Slíkt hið sama á við um kostnað sem fylgir kaupum á vöru eða þjónustu, hvort sem kaupin fara fram gegn staðgreiðslu eða láni.“

Þá er í 26. gr. laganna fjallað á hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, þar sem segir:

„Árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánum má ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum.“



2.

Af hálfu Neytendalána er á því byggt að neytendur sem taki lán hjá félaginu og óski eftir því að fá lánsúmsókn afgreidda hraðar en á þeim átta dögum sem tekur félagið almennt að afgreiða slíkar úmsóknir, geti keypt þjónustu af sænska félaginu Credit Check sem framkvæmi lánshæfismat mun hraðar. Neytendur hafi val um það hvort þeir ákveði að nýta sér þjónustu Credit Check eða ekki. Kostnaður við þjónustu Credit Check teljist því ekki til heildarlántökukostnaðar eins og hann er skilgreindur í g. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013 og kemur því ekki til álita við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 21. gr. laganna.

Lánveitanda er skylt að meta lánshæfi neytanda áður en samningur um neytendalán er gerður, skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013. Í reglugerð nr. 965/2013, um lánshæfis- og greiðslumat er nánar fjallað um skyldu til að lánshæfismeta neytanda og hvernig slíkt mat skuli framkvæmt. Þar segir t.a.m. í 1. mgr. 5. gr. að lánshæfismat skuli byggja á viðskiptasögu milli lánveitanda og lántaka og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust. Lögin eða reglugerðin koma ekki í veg fyrir að lánveitandi geti farið fram á greiðslu fyrir lánshæfismatið en telst slíkur kostnaður þá hluti af heildarlántökukostnaði, sbr. g. liður 1. mgr. 5. gr. laganna. Þá koma lögin eða reglugerðin ekki í veg fyrir að lánshæfismat sé framkvæmt af þriðja aðila eða að þriðja aðila sé greitt fyrir matið.

Af orðalagi g. liðar 1. mgr. 5. gr. laganna er ljóst að ekki er gerð krafa um að sá kostnaður sem teljist hluti af heildarlántökukostnaði sé innheimtur af lánveitanda ef um er að ræða kostnað sem neytandinn þarf að greiða í tengslum við lánið.

Í ákvæði g. liðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, sem og umfjöllun í greinargerð, er til þess vísað að viðbótarþjónusta geti einkum verið váttryggingar. Í 22. lið inngangsorða tilskipunar 2008/48/EB, um lánsamninga fyrir neytendur, er fjallað um viðbótarþjónustu og í því sambandi vísað til trygginga sem og opunar bankareikninga í tengslum við lánsamning. Þá segir í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með leiðbeiningum um innleiðingu tilskipunar nr. 2008/48/EB að: „*Ancillary services refer to services which are auxiliary or supplementary to the credit agreement, sometimes offered in the form of cross-selling products.*“ Sú forsenda að neytendum standi til boða að greiða þriðja aðila fyrir lánshæfismat, sem lánveitanda er samkvæmt lögum nr. 33/2013 skylt að framkvæma felur samkvæmt þessu ekki í sér þjónustu sem er stoð- eða viðbótarþjónusta við lánsamninginn. Til þess að um viðbótarþjónustu sé að ræða þarf að koma til einhver önnur þjónusta til viðbótar við lánveitinguna eða framkvæmd hennar.

Þrátt fyrir að neytendur hafi val um það hvort þeir kaupi þjónustu Credit Check eða ekki getur kostnaður við þá þjónustu, með vísan til ofangreinds, ekki talist viðbótarþjónusta. Lánveitanda er skylt að framkvæma lánshæfismat þó honum sé frjálst að innheimta kostnað fyrir gerð þess. Kostnaður við gerð lánshæfismats telst því hluti af heildarlántökukostnaði, skv. g. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013, jafnvel þó kostnaðurinn sé greiddur öðrum en



lánveitanda og kemur til útreiknings árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 4. mgr. 21. gr. laganna.

Með því að reikna 4.990 kr. kostnað við framkvæmd lánshæfismats hefur Neytendalán því brotið gegn ákvæði 21. gr. laga nr. 33/2013 og ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 965/2013. Þá hefur Neytendalán brotið gegn 26. gr. laga nr. 33/2013 með því að innheimta kostnað af lánum sínum sem nemur 2.036,6% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

3.

Neytendastofu er, samkvæmt u. og x. liðum 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013, heimilt að leggja stjórnvaldssekt á lánveitanda sem brýtur gegn ákvæðum 21. og 26. gr. laganna. Með vísan til þess að afar skýrt er af ákvæði 26. gr. laganna að tilgangur þess væri að takmarka þann kostnað sem neytendur verða fyrir af neytendalánum telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita sektarheimild sinni til verndar heildarhagsmunum neytenda. Stjórnvaldssektir geta samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laganna numið frá 100.000 kr. til 20 millj. kr. Að teknu tilliti til þess að um fyrsta brot er að ræða telur Neytendastofa hæfilegt að leggja stjórnvaldssekt á Neytendalán að fjárhæð 750.000 kr. (sjöhundruðogfimm tíu þúsund krónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„Neytendalán ehf., Ármúla 29, Reykjavík hefur brotið gegn ákvæðum 21. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, og 3. gr. reglugerðar nr. 956/2013, um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, með því að undanskilja kostnað af framkvæmd lánsþjófsmats við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Neytendalán ehf., hafa brotið gegn ákvæði 26. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, með því að innheimta kostnað af lánum sem nemur 2.036,6% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Með heimild í 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, bannar Neytendastofa Neytendalánnum ehf. að undanskilja kostnað af framkvæmd lánsþjófsmats við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Neytendalánnum ehf. er jafnframt bannað að innheimta hærra kostnað af lánum sínum en nema 50% árlegrar hlutfallstölu kostnaðar að viðbættum stýrivöxtum.

Með heimild í u. og x. lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 33/2013, um neytendalán, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Neytendalán ehf. að fjárhæð 750.000 kr. (sjöhundruðogfimmtíuþúsunkrónur) og skal hún greiðast í ríkissjóð innan þriggja mánaða.“

Neytendastofa, 2. júní 2014.

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir